

88. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 26. nóvember 2002 kl. 18:00 í húsakynnum Tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, Margrét Ásgeirsdóttir, Hafsteinn Sigurðsson, Óli Jón Gunnarsson og Sævar Harðarson.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Fjárhagsáætlun.

1. Skýrsla skólastjóra.
 Búið er að fara eina ferð í leikskólann með 1. bekk til að spila og er fyrirhuguð ein heimsókn í viðbót fyrir jól.
 Búið er að halda 4 tónfundi og einn eftir fyrir jól.
 Prennir jólatónleikar verða fyrir jólin og verða þeir haldnir 16., 17. og 18. desember.
 Kennarar tónlistarskólans fóru á spunanámskeið í Ólafsvík sem var í samstarfi við tónlistarskólana á Nesinu og var það mjög gagnlegt.
 Fyrirhugað er að lúðrasveitin spili á jólahlaðborði hjá Hótel Stykkishólmi í desember og einnig þegar ljósín verða tendruð á jólatrénu í Hólmgarði.
 Einn nemenda kemur til með að taka 5 stig á píano og væntanlega 2 nemendur stig á blásturshjólfæri fyrir jól.
 Gengið hefur ágætlega að nemendur læri tónfræðina heima.
 Keytpar hafa verið 4 færanlegar hljómtækjasamstæður.
 Starfsemi skólans hefur gengið vel það sem af er skólaárinu.
2. Fjárhagsáætlun.
 Óli Jón fór yfir fjárhagsáætlunina með nefndarmönnum.
 Áætluð heildarútgjöld skólans eru um 23 milljónir fyrir árið 2003.
 Stefnt er að ræða fjárhagsáætlun 2. desember í bæjarráði.

Fundi slitið kl. 19:08.

Íhs.